1860. 31. maí. innar 22. aprílm. 1856, hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 7. febrúarm. þ. á. skotið því undir úrskurð stjórnarinnar, hvort reikna skuli helming þenna af umboðslaununum óskertum, eins og þau eru til greind á gjaldasíðunni í umboðsreikningunum, eða hvort fyrst eigi að draga frá kostnað þann, er umboðssýslan hefir í för með sèr, og hafið þèr getið þess, að þèr hyggið þetta hið síðara vera rèttara.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að bæði eptir því, sem eðli málsins bendir til, og samkvæmt grundvallarreglum í opnu brèfi 23. aprílm. 1813 og 14. sept. 1830, smbr. tilskipun 3. febrúarm. 1836, IV., ber að skipta umboðslaununum að frádregnum kostnaði þeim, er umboðssýslan hefir í för með sèr, til jafnaðar milli þess, er hefir á hendi umboðsstörfin og þess, sem er undanþeginn frá því að gegna þeim.

---

31. maí. **27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skaðabætur til norðanpóstsins.**

Þèr hafið herra amtmaður, með brèfi 30. septemberm. f. á., sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Vigfúsi Gíslasyni, norðanpósti, um það, að fá þóknun eður endurgjald fyrir tjón það, er hann hreppti á póstferð til Reykjavíkur í febrúarmánuði árið 1859, og hefir hann metið tjón þetta 234 ríkisdali; hafið þèr lagt það til, að honum verði í þessu skyni veitt 100 ríkisdala þóknun.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að dómsmálastjórnin, vegna upplýsinga þeirra, er fram hafa komið um alla málavöxtu, hefir veitt Vigfúsi pósti Gíslasyni, þeim er áður er nefndur, 100 rdl. sem aukaþóknun, sökum tjóns þess er hann beið á ferð þeirri, er að ofan er greind, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.